

## 9. fundur skólanefndar

<b>Mættir:</b>	<b>Flosi Eiríksson formaður, Alda Breiðfjörð, Halldóra Guðmundsdóttir, Jóhann Ísak Pétursson fulltrúi kennara, Kolbeinn Óttarsson Proppé, Margrét Friðriksdóttir skólameistari, Þóra Elfa Björnsson, Arnar Ingólfsson fulltrúi nemenda og Andrés Pétursson</b>
<b>Forfallaðir:</b>	<b>Finnur Beck boðaði forföll og sat Halldóra Guðmundsdóttir fundinn í hans stað</b>
<b>Staður:</b>	<b>Þjónarými</b>
<b>Tími:</b>	<b>Kl. 12:00-13:15      <u>Dags.: 15. október 2014</u></b>

Nr.	Atriði	Ábyrgð	Tími
	Flosi Eiríksson, formaður nefndarinnar setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Sérstaklega bauð hann Öldu Breiðfjörð, nýjan fulltrúa foreldra, velkomna á sinn fyrsta fund.	<b>FE</b>	
<b>1.</b>	<b>Ályktun Kennarafélag Menntaskólans í Kópavogi</b>	<b>MF</b>	<b>15 mín.</b>

Nr.	Atriði	Ábyrgð	Tími
	<p>Stjórnarmenn höfðu allir fengið senda heim ályktun Kennarafélagsins. Þar kom fram gagnrýni á ferli ráðningar áfangastjóra bóknáms og verknáms við MK sumarið 2014. Skólameistari lýsti yfir vonbrigðum með að stjórn Kennarafélagsins hefði ekki rætt við sig áður en þessi ályktun hefði verið lögð fram. Það væri rétt að sumartími væri ekki heppilegur tími til að auglýsa svona stöður en það ætti sínar skýringar. Umræða um málið. Í kjölfarið samþykkti Skólanefnd eftirfarandi bókun; „Í ályktun almenns félagsfundar í Kennarafélagi Menntaskólans í Kópavogi, frá 6. október 2014, segir: „Að auki voru ráðningar ekki bornar undir skólanefnd, miðað við fundargerðir hennar.“ Hér er um yfirsjón af hálfu skólanefndar að ræða varðandi fundarritun, en um ráðningarnar var fjallað á fundi nefndarinnar 2. september 2014. Nefndin þakkar aðrar ábendingar sem fram koma í ályktun fundarins.“</p>		
2.	<b>Fjárlagafrumvarp 2015</b>	<b>MF</b>	<b>25 mín.</b>

Nr.	Atriði	Ábyrgð	Tími
	<p>Skólameistari dreifði afriti af þeim lið fjárlagafrumvarpsins 2015 sem snýr að framhaldsskólum. Í þeim kemur fram að framlög til MK aukast um rúmlega 10% frá endurskoðuðum reikningum árið 2013, úr 901 milljón króna í 999 milljónir. En líkt og öðrum framhaldsskólum er gert ráð fyrir að MK verði að fækka reiknuðum ársnemum umtalsvert. Þetta mun hafa mikil áhrif á rekstur einstakra námsbrauta í bóknámi. Umræða um stöðu skólans í ljósi þessara upplýsinga. Eftirfarandi bókun var samþykkt og ákveðið að senda hana til þingmanna kjördæmisins; „<i>Skólanefnd MK lýsir yfir miklum áhyggjum með þau áform, sem fram koma í fjárlagafrumvarpinu fyrir árið 2015, að fækka ársnemum við skólann og óhjákvæmilega takmarka námsframboð hans. Niðurskurðurinn í MK bitnar fyrst og fremst á konum sem eru að auka við þekkingu sína með sérhæfðu bóknámi sem nýtist þeim vel á vinnumarkaði. Nefndin hvetur Alþingi til að endurskoða þessi áform í meðförum sínum</i>“.</p>		
<b>3.</b>	<b>Önnur mál</b>		
	<p>Skólameistari bauð skólanefndarmönnum að sitja verklega æfingu hjá matvælasviði skólans fimmtudaginn 27. nóvember n.k.</p>		
	<p>Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13:15</p>	<b>FE</b>	

Andrés Pétursson

ritaði fundargerð

*Uppfært miðvikudagur, 15 október 2014 14:11*